

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2011

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð eftir sveitarstjórnakosningar 2010:

Aðalfulltrúar:

Steingrímur Steingrímsson formaður
Gísli Ó. Valdimarsson varaformaður
Jón Bjarni Þorsteinsson
Margrét Halldórsdóttir
Guðmundur Sigurðsson
Sunna Björg Helgadóttir
Gísli Gíslason

Varafulltrúar:

Þór Ásgeirsson
Ingimar Ingimarsson
Ingibjörg Hauksdóttir
Halla Halldórsdóttir
Gísli Gunnarsson
Bryndís Skúladóttir
Richard Hansen

Samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit skiptast Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær á að tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn.

Heilbrigðiseftirlit tekur til eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum og ber heilbrigðisnefnd að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Með vísun til þessara markmiða er eftirlit, vöktun og fræðsla þeir grunnþættir sem unnið er út frá í þverfaglegu starfi stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 10 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 453 dagskrárliðir. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflökki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárliðir verið greindir samkvæmt fjórum helstu málefnaflökkum sem starfsemi tekur til. Það eru helst starfsleyfi og umsagnir sem flokkast í fleiri en einn málefnaflokk.

| | |
|--|-----|
| Almenn mál um hollustuhætti, málefni sem tengjast hollustuháttareglugerð, snyrtivörum, varasömum efnum, gæludýrahaldi, tóbaksvörnum o.þ.h. | 253 |
| Matvælamálefni | 164 |
| Umhverfismál | 159 |
| Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnsýsla | 26 |

Í lok árs 2011 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1383 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 831 aðilar eftirlitsheimsóknir. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1400 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok og voru farnar 1486 eftirlitsferðir til umræddra 831 aðila. Til viðbótar var farið í 221 eftirlitsferð á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið. Í ljós kom að starfsemi var annað hvort hætt, starfsemi hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemi hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi, samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1254 í árslok og 71 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Jafngildir það að rúmlega 96% starfsleyfisskyldrar starfsemi hjá heilbrigðisnefnd er með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfisskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Á það við um atvinnurekstur sem valdið getur mengun. Oftast er um

óstöðuleika í rekstri eða því við borið við starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun. Mælikvarði á virkni stjórnýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi eða í vinnslu á hverjum tíma.

Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins. Þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málaflokka, matvæla, hollustuhátta, mengunar- og umhverfismál og stjórnun heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Breytingar sem varða verulega framkvæmd matvælaeftirlits voru gerðar á lögum um matvæli með lagabreytingu nr. 143 samþykktari á Alþingi 18. desember 2009.

Alls voru 93 umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar. Auk matvælalaga er vísað í ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og í sumum tilvikum til ákvæða í lögum og reglugerðum um hollustuhætti og mengunarvarnir

45 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi

58 umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2010.

| | Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|--------------------------------------|----------|-----------|---------------|-----------|-----------|
| Vinnslur og pökkun | | 1 | 8 | 1 | 10 |
| Verslanir og vörugæmslur | | 5 | 8 | 5 | 18 |
| Veitingastaðir, gisting og mótuneyti | 4 | 9 | 16 | 22 | 51 |
| Annað | | 4 | 4 | 6 | 14 |
| Alls | 4 | 19 | 36 | 34 | 93 |

6 tímabundin leyfi vegna skemmtana voru veitt.

Veitingastaðir og gististaðir, þar sem matvæli eru á boðstólum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Sú starfsemi hefur jafnframt starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og eftir atvikum samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Starfseminni ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af viðkomandi sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. lög um matvæli og hollustuháttum og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Á árinu bárust frá sýslumönnum 36 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa og 12 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa þar sem matvæli yrðu höfð á boðstólum.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 62 á árinu. Einkum var kvartað vegna slæmrar meðferðar matvæla 16 sinnum. Til slæmrar meðferðar teljast m.a. kvartanir um að vara sé höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða skemmd þegar kemur að neyslu. Einnig var kvartað vegna ónógs hreinlætis 12 sinnum. Kvartanir vegna ófullnægjandi innihaldsmerkinga voru 7 og hugsanlegra matarsýkinga 7. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki. Við matvælaeftirlit er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku. Á árinu voru tekin til örverugreininga 88 sýnishorn vegna eftirlits með matvöru á markaði. Auk þess voru notaðar tæplega 300 ræktunarskálar í hreinlætiseftirliti í mótuneytum og veitingastöðum. Ræktunarskálar hafa reynst vel til að sýna fram á nauðsyn hreinlætis. Vegna athugana á efnasamsetningu voru tekin 10 sýnishorn og reyndist í 5 tilvikum að reglum væri ekki fylgt. Var fyrst og fremst um kjötvöru að ræða.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Tekin voru á árinu 95 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi. Þar af voru fjögur sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsólum og dreifkerfinu. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga er birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðisfulltrúi er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits milli eftirlitssvæða.

Hópurinn kom saman þrisvar sinnum á árinu. Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem hægt er að tengja starfsemi í umdæminu. Slík samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Innihaldslýsingar matvæla og uppskriftir þeirra.
- Meðhöndlun einnota og margnota umbúða í matvælafyrirtækjum

Meðhöndlun umbúða skiptir máli fyrir öryggi matvæla. Mikilvægt er því að vel sé gengið um umbúðir og margnota umbúðir séu hreinar. Þrjátíu fyrirtæki voru tekin út í þessari könnu á eftirlitssvæðinu. Skýrslur vegna þessara verkefna hafa verðið birtar á heimasíðu Matvælastofnunar. Ekki reyndist mögulegt að þessu sinni að koma því við af hálfu heilbrigðiseftirlitsins að taka þátt í verkefninu um innihaldslýsingar matvæla og uppskriftir þeirra.

Af hálfu heilbrigðiseftirlitsins var jafnframt þátttaka í verkefni til að kanna tíðni matareitrunarörverunnar, listeríu monocytogenes, í reyktum og gröfnum fiski. Verkefnið var stórt og voru tekin 56 sýni á markaði á eftirlitssvæðinu. Örveran sem verið var að leita að fannst í einu þessara sýna og sá Matvælastofnun til þess að strax var brugðist við með viðeigandi ráðstöfunum. Sýnatöku vegna verkefnisins lauk á árinu og verið er að vinna úr niðurstöðum hjá Matvælastofnun.

Heilbrigðisfulltrúi tekur þátt í norrænu verkefni varðandi matsveppi. Verið er að kanna mataröryggi og unnið er að leiðbeiningum fyrir neytendur. Verkefnið hófst 2009 og var áætlað að því myndi ljúka seinni hluta árs 2011. Það gekk ekki eftir og er stefnt að því að ljúka því á miðju ári 2012. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Kaupmannahöfn vegna verkefnisins og sótti heilbrigðisfulltrúi annan þeirra.

Þættir sem tengjast matvælavinnslu í grunn- og leikskólum á svæðinu voru teknir saman eftir eftirlitsferðir í skólana á árinu 2011. Eftirfarandi atriði voru sérstaklega könnuð:

- Almenn innra eftirlit í eldhúsinu svo sem stjórnun á hitastigi, hreinlætisáætlun, eftirlit með vörumóttöku virkar, virkar að hluta eða óvirkar?
- Hvernig er staðið að þrifum og umgengni í eldhúsi og mótuneyti skólanna (ágætt, gott eða slæmt)?

Mikilvægt er að leikskólar og grunnskólar standi að skólamatnum af ábyrgð. Innra eftirlit og hreinlæti er hluti þeirrar ábyrgðar. Grunnskólar fá yfirleitt aðkeyptan mat en algengast er að matur sé eldaður á staðnum í leikskólum. Stefnt er því að innra eftirlit verði 100% virkt.

Hreinlæti og umgengni aldrei verra en gott í 100% tilvikum. Áberandi er að við breytingar á

starfsmannahaldi, sérstaklega þegar breytingar verða við stjórnun fellur framkvæmd innra eftirlits niður.

Samantekt á virkni almenns innra eftirlits og þrífum og umgengni við matvælavinnslu í 25 grunnskólum og 54 leikskólum á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis árið 2011

| Skólar | Innra eftirlit | | | Hreinlæti og umgengni | | |
|-------------------------------|----------------|----------------|--------|-----------------------|------|------|
| | virkt | virkt að hluta | óvirkt | ágæt | góð | slæm |
| <i>Grunnskólar</i> | | | | | | |
| Álftanes (1 skóli) | 100% | 0% | 0% | 0% | 100% | 0% |
| Garðabær (5 skólar) | 20% | 80% | 0% | 80% | 0% | 20% |
| Hafnarfjörður (8 skólar) | 50% | 25% | 25% | 87% | 13% | 0% |
| Kópavogur (11 skólar) | 27% | 55% | 18% | 55% | 36% | 9% |
| <i>Leikskólar</i> | | | | | | |
| Álftanes (2 leikskólar) | 50% | 0% | 50% | 50% | 50% | 0% |
| Garðabær (10 leikskólar) | 40% | 20% | 40% | 50% | 40% | 10% |
| Hafnarfjörður (19 leikskólar) | 61% | 28% | 11% | 78% | 16% | 6% |
| Kópavogur (23 leikskólar) | 50% | 21% | 29% | 33% | 50% | 17% |

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs 455 á skrá. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 596. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 856 samkvæmt flokkun í eftirfarandi töflu. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mótuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar. Vakin er athygli á að eftirlit vegna tóbaksvarna, mengunarvarna og sölu á vörum sem innihalda hættuleg efni fer einnig fram hjá þeim fyrirtækjum þar sem það á við.

Matvælaeftirlit; Fjöldi staða 31.12. 2011, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

| | Framleiðsla, pökkun | Heildsala, flutningur | Stór-eldhús | Smásala | Vatnsveitur | Alls |
|--|---------------------|-----------------------|-------------|---------|-------------|------|
| Eftirlitsstaðir og ferðir | | | | | | |
| Fj. staða | 44 | 26 | 286 | 92 | 7 | 455 |
| Fj. heimsótttra staða | 43 | 22 | 258 | 72 | 7 | 386 |
| Fj. áætlaðra eftirlitsferða | 52 | 26 | 313 | 120 | 66 | 596 |
| Fj. eftirlitsferða | 97 | 24 | 390 | 281 | 77 | 856 |
| Fj. staða með alvarlegar athugasemdir. | 8 | 3 | 7 | 9 | 0 | 27 |
| Innra eftirlit, stöðumat | | | | | | |
| Grunnþættir | | | | | | |
| Fjöldi staða | | 7 | 14 | 26 | 1 | 121 |
| Ekki til staðar | | 5 | 13 | 17 | | 99 |
| Almennt | | | | | | |
| Fjöldi staða | 11 | 1 | 154 | 13 | 3 | 236 |
| Ekki til staðar | 9 | 1 | 87 | 12 | 3 | 142 |
| HACCP | | | | | | |
| Fjöldi staða | 20 | 0 | 7 | 0 | 3 | 8 |
| Ekki til staðar | 11 | 0 | 2 | 0 | | 4 |

Hollustuhættir

Starfsleyfisumsóknir samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar voru 135.

Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

76 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

55 umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

4 umsóknir voru vegna tímabundinnar starfsemi

Meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

Hollustuháttareglugerð**Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2010.**

| | Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|--|----------|-----------|---------------|-----------|------------|
| Gisti- og samkomustaðir | 2 | 3 | 10 | 13 | 28 |
| Snyrtistofur hvers konar | | 1 | 5 | 13 | 19 |
| Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir | | 4 | 9 | 6 | 19 |
| Daggæsla, leikvellir, skólar, leikskólar kennslustaðir | 1 | 7 | 7 | 12 | 27 |
| Íþróttastarfsemi og samkomuhald | | 1 | 1 | 1 | 3 |
| Verslun og dreifing vöru sem inniheldur hættuleg efni | | 5 | 3 | 12 | 20 |
| Annað | 1 | 3 | 9 | 7 | 20* |
| Alls | 4 | 24 | 44 | 64 | 136 |

* fjölgun á starfsleyfum annað er vegna yfirtöku sveitarfélaga á sambýlum.

Á árinu bárust 4 beiðnir frá sýslumönnum um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir gististaði samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Um er að ræða gististaði sem reknir eru án veitingasölu. Tvær umsagnir voru gerðar vegna tækifærisleyfis vegna tónleikahalds. Gerð er grein fyrir umsögnum vegna veitingastaða í kaflanum um matvæli og mismunandi markmiðum laga varðandi þessa starfsemi.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 203. Flestar voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra 46 og íbúðarhúsnæði 46. Kvartanir og fyrirspurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu hefur verið að fjölgað. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða þjónustu leiddi til 35 kvartana og 5 ábendingar voru vegna varasamra efna í sölu. Kvartanir og ábendingar vegna meindýra voru 30. Auk þess eru almennar kvartanir voru 47 en þeim hefur fækkað verulega milli ára. Flestar í þeim flokki eða 17 eru vegna sorps og úrgangs. Vegna slæmrar umgengni um lóðir voru 15. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 11 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Veruleg fækkun hefur orðið í þessum kvartanaflokkum milli ára. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum hundruðum bifreiða án númera. Á árinu voru skráð um 403 slík afskipti af farartækjum o.þ.h. hlutum sem skildir hafa verið eftir á almannafæri. Sveitarfélögin neyddust til að láta fjarlægja 59 bifreiðar.

Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir hafnaði með úrskurði nr. 16/2011 kröfu um ógildingu ákvörðunar heilbrigðisnefndar um að aflífa bæri hund sem handsamaður var í lausagöngu en kvartanir höfðu borist um ítrekaða lausagöngu þess og að dýrið hefði ráðist á fólk.

Margt bendir til að gæludýrahald sé að aukast. Á starfsárinu komu tillögur að heilbrigðissamþykktum um kattahald í Garðabæ og Hafnarfirði til meðferðar hjá heilbrigðisnefnd. Samþykkt nr. 430/2011 um kattahald fyrir Hafnarfjörð var síðan staðfest af Umhverfisstofnun. Fyrir eru í gildi samþykkt nr. 969/2010 fyrir Kópavogsbæ og nr. 943/2004 fyrir Álftanes.

Um áramótin 2010-2011 voru á skrá 2295 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar. Fjölgun um 112 hunda er að ræða frá árinu áður en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Eigendur 1366 hunda hafa sótt námskeið í hunduppeldi og 8 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 244 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var um lausa hunda eða í 128 tilvikum. Til meðferðar á árinu komu 7 mál sem tengjast verulegum ógnunum eða árásar hunds á fólk eða dýr. Í slíkum tilvikum kemur einnig oft til afskipta lögreglu. Í þremur tilfellum varð að láta aflífa hundinn þar sem eigandinn gat ekki tekist á við vandamálið.

Búfjárefntilvitnið samkvæmt ákvæðum laga um búfjárhald er í umsjón heilbrigðiseftirlitsins. Lítil breyting hefur orðið í umfangi búfjárhalds milli ára. Heilbrigðisnefnd mælti með við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að sett yrði heilbrigðissamþykkt um gæludýra- og húsdýrahald í bæjarfélaginu. Tillaga að slíkri samþykkt er nú til meðferðar hjá Umhverfisstofnun.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga störfuðu tveir vinnuhópar á sviði hollustuháttamála. Hollustuháttahópur og efnavörugópur. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í hvorn hóp.

Vinnuhópur um hollustuhætti undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 11 fundir hjá hópnum. Vinnuhópurinn undirbjó og sá um á árinu framkvæmd tveggja eftirlitsverkefna um:

- virkni dauðhrensibúnar hjá heilbrigðisstofnunum sem ekki eru sjúkrahús.
- um framkvæmd innra eftirlits leiksvæða grunn- og leikskóla

Skýrslur um verkefnin er í vinnslu. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða.

Í efnavörugópi er rætt um eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og vörum sem innihalda slík efni og ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna á þeim málum undirbúin. Jafnframt er af hálfu hópsins tekið þátt í norrænu samstarfi vegna eftirlits með þessum málum og sótti heilbrigðisfulltrúi norrænan fund í Helsinki 8. og 9. nóvember 2011. Efnavörugópurinn kom saman 9 sinnum á árinu. Úttekt á efnanotkun á bönstöðum var eftirlitsverkefni sem hópurinn skipulagði. Framkvæmd þess nær yfir áramótum 2011-12, og verður skýrsla um niðurstöður tilbúin á vordögum. Í lok ársins var unnið við endurskoðun eftirlitshandbókar í netútgáfu.

Vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengast að áætluð sé ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru áætlaðar í eftirlitsáætlun 512. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 496 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Hollustuháttareglugerð**Fjöldi staða 31.12.2011. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.**

| | Fegrunar- og snyrtistarfsemi | Verslun með varasöm efni | Gisting, sambylí ofl. | Fræðsla-, íþróttir og menning | Heilbrigðisþjónusta | Alls |
|------------------------------|------------------------------|--------------------------|-----------------------|-------------------------------|---------------------|------|
| Fj. staða 31.12.2011 | 89 | 113 | 46 | 236 | 46 | 530 |
| Fj. áætlaðra eftirlitsferða | 51 | 74 | 30 | 301 | 54 | 510 |
| Fj. staða sem fengu eftirlit | 56 | 34 | 25 | 188 | 34 | 337 |
| Fj. eftirlitsferða | 67 | 45 | 30 | 328 | 49 | 519 |

Til fegrunar og snyrtistarfsemi telst hársnyrting, snyrtistofur, ljósastofur, húðflúr og húðgötun. Heildsala og smásala á vörum sem innihalda eitrefni og hættuleg efni er flokkuð sem verslun með varasöm efni. Matvöruverslanir sem selja slíkar vörur að einhverju marki eru aðeins skráðar í töflu um matvælaeftirlit. Gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast m.t.t. hollustuháttaeftirlits. Veitingastaðir flokkast sem matvælafyrirtæki þó svo sinna þurfi þar ekki síður eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti. Tannlæknastofur eru flokkaðar í töflu vegna mengunarvarnaeftirlits.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Endurnýjuð voru 10 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga og veitt 1 nýtt tóbakssöluleyfi til verslunar sem hóf starfsemi á árinu. Þann 31.12.2011 voru smásölustaðir tóbaks alls 54 í umdæminu. Samkomustaðir voru 12 og verslanir 42.

Á árinu 2011 voru 10 kvartanir skráðar vegna tóbaksmálefna. Mest munar um kvartanir forvarnaeftirlits Hafnarfjarðar vegna sölu til unglunga. Kvartanir vegna tóbaksreykinga þar sem þær eru óheimilar eða reykingaloft berst úr umhverfi hafa svo til horfið.

Í niðurstöðum stöðumatsskýrslu úr eftirlit í lok sumars 2011 með smásölu á tóbaki hjá 57 sölustöðum sem þá voru í umdæminu kom í ljós að tóbak reyndist sýnilegt viðskiptavinum á einum sölustað. Í 13% tilvika var gerð athugasemd við að auglýsingu um bann við að afhenda einstaklingi yngri en 18 ára vantaði. Í ljós kom að 27% sölustaða tóbaks voru með afgreiðslufólk yngra en 18 ára við afgreiðslustörf á svæðum þar sem tóbak er selt. Við slíkar aðstæður má ekki leika vafi á að ungmennin mega ekki hafa aðgang að sölu vörunnar.

Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir óskaði eftir greinargerð vegna stjórnarsýslukæru varðandi stjórnarsýslukæru um innheimtu eftirlitsgjalds vegna tóbakssölu. Með úrskurði nr. 10/2011 staðfesti úrskurðarnefndin álagningu heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á árinu 2011 að fjárhæð kr. 36.000 vegna tóbakssölu.

Umhverfiseftirlit

Alls 97 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

40 umsóknir voru fyrir nýjar starfsemi.

51 umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

6 fyrir tímabundna starfsemi.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2011.

| | Álfanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|---|---------|-----------|---------------|-----------|-----------|
| Bílgrein | | 2 | 9 | 17 | 28 |
| Efnaiðnaður, prentun og framköllun | | 1 | 1 | 1 | 3 |
| Kjötvinnsla o.þ.h. | | 2 | 7 | 5 | 14 |
| Fiskvinnsla | | | 6 | 1 | 7 |
| Málmiðnaður og verkstæði | | 3 | 2 | 1 | 6 |
| Trésmíðaverkstæði | | | 5 | 6 | 11 |
| Tannlæknastofur | | 2 | 3 | 3 | 8 |
| Jarðefna, steinvinnsla og einingaverksmiðja | | | 3 | 1 | 4 |
| Skólp og úrgangur | | 1 | 3 | | 4 |
| Annað | | | 6 | | 6 |
| Alls | | 11 | 45 | 35 | 91 |
| Tímabundin starfsemi* | | 3 | 2 | 1 | 6 |

*Tímabundin starfsemi er niðurrif á húsum og brennur. Auk þess voru veittar 8 umsagnir til lögreglu vegna áramótabrenna og flugeldasýninga.

Umhverfisstjórnir barst stjórnslukæra vegna útgáfu heilbrigðisnefndar á starfsleyfi til eggja- og alifuglabús. Mál er tengdust endurnýjun á starfsleyfinu voru til meðferðar á árinu hjá Umhverfisstjórnuneyti og úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með úrskurði nr. 1/2011 felldi úrskurðarnefndin úr gildi ákvörðun heilbrigðisnefndar um að leita undanþágu til Umhverfisstjórnar frá ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002. Í fyrstu snerist málið um endurnýjun á leyfi sem renna átti út á árinu 2011 en síðan komu inn þættir er varða meinta vanrækslu heilbrigðiseftirlits- og heilbrigðisnefndar við að sinna skyldum sínum, aðkomu annarra stjórnvalda útgáfu starfsleyfis árið 2001 og undanfara þess. Af því tilefni var unnið upp úr gögnum heilbrigðiseftirlitsins skrá yfir ýmis gögn er tengsl hafa við starfsemi að Elliðaahvammum í Kópavogi og aðkomu nefndarinnar vegna starfsemi á svæðinu.

Umsögn var veitt Umhverfisstjórnuneytis um drög að reglugerð um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma.

Umsagnir voru veittar til stofnana og viðkomandi nefnda sveitarfélaga.

Kópavogsbæjar um:

- Endurskoðun aðalskipulags og áformuð uppbygging m.a. með tillit til vatnsverndar í Lækjabotnalandi.
- Deiliskipulaga og nýjan byggingareit við Vesturvör.
- Byggingaleyfi fyrir gistiskála við Smiðjuveg.

Grindavíkurbæjar vegna endurskoðunar aðalskipulags m.t.t. vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Skipulagsstofnunar vegna undirbúnings eða mats á umhverfisáhrifum fyrir:

- Jarðhitanytingu við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun Ölfusi.
- Aðgengi ferðamanna, aðkomuveg, þjónustumiðstöð og aðstöðu til skoðunar "Þríhnúkaagís, Kópavogsbæ.
- Endurvinnsla á álgjalli að Álhelli 15 í Hafnarfirði.

Umhverfisstofnunar vegna umsókna til sölu eiturefna í hættuflokki T og Tx. drög .

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum er stöðugt verkefni sem skilar oftast tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita aftur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skýrðar með óljóstri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægagangi í uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillt. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að

Ákvörðun verndarsvæða og setningu heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd. Heilbrigðisnefnd tók til umfjöllunar forsendur þess að fara út í uppbyggingu á Bláfjallasvæðinu og eftir atvikum breytingar á samþykkt um vatnsverndarsvæðið. Ítrekaði nefndin nauðsyn frekari grunnrannsóknna á jarðfræði og vatnafræði svæðisins áður en ákvarðanir væru teknar. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en sérstök framkvæmdastjórn sér um samræmingu eftirlits samkvæmt heilbrigðissamþykktinni. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 4 fundi á árinu 2011. Bókaðir dagsskrárliðir á fundum stjórnarinnar voru alls 5 auk þess sem 1 mál var tekin fyrir undir önnur mál. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Verkefni til að fylgjast með mengun í lækjum og vötnum voru teknar upp að nýju. Um er að ræða vöktun yfirborðsvatns vegna útivistar og verndunar náttúrulegra gæða. Ennfremur eru stendur vaktaðar í sama tilgangi og til að fylgjast með hvort förgun skólps telst viðunandi. Á árinu voru í þessum vöktunar verkefnum tekin til örverumælinga 89 sýni úr sjó við strendur og 60 sýni í lækjum og vötnum. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á heimasíðu.

Rio Tinto Alcan Íslandi hf. og Umhverfisstofnun reka mælistöð vegna loftgæða á Hvaleyrarholti. Metin eru loftgæði m.t.t. svifryks, köfnunarefnasambanda og brennisteins-sambanda. Hægt er að skoða niðurstöður mælinga á hverjum tíma á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Einnig fara þar fram mælingar á flúor.

Heilbrigðiseftirlitið sér um rekstur færanlegrar mælistöðvar vegna vöktunar loftgæða fyrir Kópavogsbæ. Metin eru loftgæði m.t.t. svifryks, köfnunarefnasambanda og brennisteins-sambanda. Mælistöðin var staðsett allt árið við Digranesheiði. Svifryk fór þar ekki yfir viðmiðunarmörk sem eru 50 µg/m³ fyrir dagsmeðaltal. Dagsmeðaltöl voru fimm sinnum milli 40 og 50 µg/m³ (26. janúar, 24. maí, 19. og 24. júlí og 15. september) Líkur benda til að öskufok sé orsök 24. maí og 15. september en 26. janúar og 19. og 24. júlí einnig aðrar ástæður.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 104 og er sá flokkur nokkur fjölbreytilegur. Um helmingur var vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfis skyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Auk fyrrnefndra kvartana eru voru 5 kvartanir undan ónæði vegna lyktar eða hávaða frá veitingastöðum. Algengustu kvartanir eru vegna ólyktar eða 34, þar af 10 um ólykt eða fnyk frá hausapurkun. Kvartanir um hávaða og úrgang við starfsleyfis skylda starfsemi voru nokkrar eða 11. Þá barst 41 kvörtun undan ónæði eða mengun frá öðrum íbúum eða starfsemi eða athafnasemi sem ekki telst samkvæmt reglugerðum falla reglubundið eftirlit heilbrigðisnefnda. Þar er t.d. um að ræða ólykt frá kamínum og ruslabrennslu svo og hávaða eða ónæði frá mannvirkjagerð. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 6 fundir þar sem fjallað var um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmið. Á árinu var farið í samræmt verkefni í efnalaugar þar sem bæði var verið að kanna efnanotkun og hvort „perklór“-hreinsivélar uppfyllt skilyrði um mengunarvarnir. Verkefninu lauk á árinu 2011 en vinnur Umhverfisstofnun að skýrslugerð.

Breyting varð á lögum um meðhöndlun úrgangs í maí 2011. Samkvæmt lagabreytingu varð heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis starfsleyfisveitandi og eftirlitsaðili með starfsemi Gámpjónustunnar hf. að Berghelli 1, Hafnarfirði.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Til fyrirtækja í ákveðnum flokkum bílgreinar eru þó áætlaðar tvær ferðir. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru í eftirlitsáætlun 460. Skráðar

eftirlitsferðir urðu alls 399 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2011. áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir

| | Málm- og bílgrein | Efna- og tímuriðn. | Fóður- og matvæli | Jarðefna- vinnsla | Úrgangsmál | Annað* | Samtals |
|------------------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|------------|--------|---------|
| Fj. staða 31.12.2011 | 339 | 134 | 33 | 12 | 24 | 23 | 565 |
| Áætlaðar eftirlitsferðir | 258 | 86 | 31 | 12 | 25 | 13 | 425 |
| Fj. staða sem fengu eftirlit | 116 | 80 | 15 | 4 | 19 | 6 | 240 |
| Fj. eftirlitsferða | 156 | 94 | 24 | 6 | 21 | 7 | 308 |

*Annað er s.s. vörugeymslur, íþróttasvæði og starfsemi tengd dýrahaldi.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur næmu um 64% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 36% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2011 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 55.249.504 eða 73% af rekstrarkostnaði. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 21.884.270 og tekjur kr. 21.895.044. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árána 2001 til 2011, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við upphaf árs.

Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2001 til 2011 á verðlagi hvers árs.

| | Íbúafjöldi. | Fyrirtæki og stofnanir (starfsleyfis skyld) | Ársverk | Heildar kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. fyrirtæki kr. | Kostnaður pr. ársverk kr. |
|------|-------------|---|---------|-----------------------|------------------------|-----------------------------|---------------------------|
| 2011 | 69436 | 1383 | 7,6 | 75.877.902 | 1093 | 54.865 | 9.983.934 |
| 2010 | 68702 | 1403 | 6,5 | 71.508.057 | 1041 | 50.968 | 11.001.240 |
| 2009 | 69552 | 1387 | 7,2 | 68.288.641 | 982 | 49.295 | 9.484.533 |
| 2008 | 68662 | 1368 | 7,2 | 73.399.190 | 1069 | 53.656 | 10.194.332 |
| 2007 | 63108 | 1383 | 7,2 | 58.669.943 | 930 | 42.422 | 8.148.603 |
| 2006 | 60525 | 1265 | 7,2 | 58.605.054 | 968 | 46.328 | 8.139.591 |
| 2005 | 58786 | 1361 | 7,2 | 56.753.001 | 965 | 41.699 | 7.882.361 |
| 2004 | 57323 | 1448 | 7,2 | 53.215.493 | 928 | 36.751 | 7.391.041 |
| 2003 | 56096 | 1320 | 7,2 | 52.429.008 | 935 | 39.719 | 7.281.802 |
| 2002 | 54642 | 1287 | 7 | 50.355.292 | 922 | 39.126 | 7.193.613 |

Í meðfylgjandi töflu er samanburðartölur árána 2002 til 2011 vegna eftirlits með hundahaldi. Fyrir árið 2003 var stórum hluta eftirlits- og kvörtunum vegna hundahalds sinnt í tímavinnu.

Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2002 – 2011 á verðlagi hvers árs.

| | Íbúafj. | Fjöldi hunda | Ársverk | Heildar kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. hund kr. | Kostnaður pr. ársverk kr. |
|------|---------|--------------|---------|-----------------------|------------------------|------------------------|---------------------------|
| 2011 | 69436 | 2295 | 1,5 | 21.884.270 | 315 | 9536 | 14.589.513 |
| 2010 | 68702 | 2183 | 1,5 | 19.521.442 | 284 | 8942 | 13.014.285 |
| 2009 | 69552 | 2012 | 1,8 | 18.140.265 | 261 | 9016 | 10.077.925 |
| 2008 | 68662 | 1827 | 1,8 | 17.108.321 | 249 | 9364 | 9.504.623 |
| 2007 | 63108 | 1655 | 1,8 | 14.932.931 | 237 | 9023 | 8.296.073 |
| 2006 | 60525 | 1571 | 1,8 | 14.126.441 | 233 | 8992 | 7.848.023 |
| 2005 | 58786 | 1459 | 1,8 | 12.118.195 | 206 | 8306 | 6.732.331 |
| 2004 | 57323 | 1295 | 1,8 | 11.723.208 | 205 | 9053 | 6.512.893 |
| 2003 | 56096 | 1162 | 1,8 | 10.536.719 | 188 | 9068 | 5.853.733 |
| 2002 | 54642 | 1106 | 2 | 10.326.215 | 189 | 9337 | 5.163.108 |